

# Mótvægisaðgerðir vegna nýrra lífslíkutaflna

---


SAMIÐN 2. JÚNÍ - GRAND HÓTEL

BENEDIKT JÓHANNESSON PH.D.




- 
- I. Áhrif nýrra lífslíka á skuldbindingar og tryggingafræðilega stöðu
  
  - II. Tvær mismunandi leiðir mótvægisáðgerða
    - A. Stighækkandi viðmiðunaráldur lífeyristöku
    - B. Óbreyttur 67 ára (eða 70) viðmiðunaráldur
  
    - C. Aðrar aðferðir
  
  - III. Samanburður á aðferðum

# Ævilengd fer sífelld vaxandi á Íslandi



## Ævilengd fer líka vaxandi um allan heim



Gögn um lengingu ævinnar í heiminum almennt (meðaltal) frá Sameinuðu þjóðunum

# Nýjar lífslíkur með spá um lækkandi dánartíðni

Hver árgangur, karla og kvenna, hefur nú sínar lífslíkur (eftirlifendatöflur)

Áhrifin meiri eftir því sem sjóðfélaginn er yngri

-> Skuldbindingar vegna þeirra yngri hækka meira en þeirra sem eldri eru. Einskiptisaðgerð

Grundvallarhugsun mótvægisáðgerða að verðmæti réttindanna haldist óbreytt (eða því sem næst). Lægri fjárhæð greidd í lengri tíma = óbreytt skuldbinding


Því ekki skerðing í sama skilningu og t.d. vegna ávöxtunar eigna undir viðmiði

Karlar	Vænt ævilengd frá 67 ár	Mismunur
Í dag	17,76	
Fár 1950	18,82	1,06
Fár 1970	20,54	2,76
Fár 1990	21,64	3,90

Konur	Vænt ævilengd frá 67 ára	Mismunur
Í dag	19,82	
Fár 1950	20,78	0,96
Fár 1970	22,15	2,33
Fár 1990	23,29	3,47


# Áhrif nýrra lífslíka á áfallnar skuldbindingar

Hækkun áfallinna skuldbindinga eftir fæðingarári sjóðfélaga




Dæmi um hækkun áfallinna skuldbindinga eftir aldri sjóðfélaga m.v. 67 ára viðmiðunaráldur lífeyristöku

# Vaxandi ævilengd þýðir að sama fjárhæð gefur minni mánaðarlegar greiðslur



# Réttindabreytingar – skematísk mynd - 20 ára einstaklingur

Lægri mánaðarlegar greiðslur í lengri tíma eða jafnháara greiðslur síðar. „Flatarmál“ á eftirlaunum helst jafnt





## Er heimilt að breyta réttindum mismikið eftir aldri?

- Sameign er eign sjóðfélaganna allra saman
- Lífeyrisréttinda njóta eignarréttarverndar samkvæmt stjórnarskrá
  - Hæstiréttur
  - Mannréttindadómstóll Evrópu.
- Útreiknuð réttindi endurspegla væntingar á hverjum tíma
- Geta verið málefnalegar ástæður til þess að breyta réttindum til lækkunar.
  - Málefnaleg sjónarmið
  - Jafnræði á milli sjóðfélaga
  - Meðalhóf
- Málefnaleg sjónarmið
  - Sjóðfélagar og þjóðin öll að lifa lengur
  - Lífeyrir þarf að duga í fleiri ár en áður
- Jafnræði milli sjóðfélaga
  - Hver árgangur heldur sínu hlutfalli af væntum réttindum
  - Yngri sjóðfélögum hafa áunnið sér of há réttindi vegna eldri forsenda um lífslíkur
- Meðalhóf
  - Ekki gengið lengra í breytingum á réttindum en þarf og sjóðir hafa hækkað réttindi á móti

# Er heimilt að breyta réttindum mismikið eftir aldri?

---

Bjarni Guðmundsson cand. act. sagði í kynningu sinni á fundi í Félagi íslenskar tryggingastærðfræðinga árið 2021 :

**„Þegar svipaðar breytingar voru í umræðu fyrir nokkrum árum aflaði LL lögfræðialits þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að heimilt væri að breytingar réttinda og samþykktu tækju mið af fæðingarári – jafnvel að óheimilt kynni að vera að gera það ekki.“**

Hér vitnar hann í lögfræðialit Ólafs Gústafssonar fyrir Landssamtök lífeyrissjóða.


Síðan hafa verið skrifuð að minnsta kosti fimm lögfræðialit um þessar breytingar og niðurstaða þeirra allra á sömu lund.

## Er heimilt að gefa mismikil réttindi eftir aldri?

---


- Réttindatöflur gefa ungu fólki meiri rétt en þeim eldri sem eðlilegt er, því iðgjöldin ávaxtast í lengri tíma
- Þeir sem hefja töku lífeyris fyrir 67 ára aldur fá lægri mánaðarlegar greiðslur
  - Til dæmis fær sextugur maður um 36% lægri mánaðarlegar greiðslur en sá sem byrjar 67 ára. Ekki er um skerðingu að ræða heldur er greiðslum dreift á lengri tíma.
  - Þeir sem hefja töku lífeyris 70 ára fá 26% hærra mánaðarlegar greiðslur en sá sem byrjar 67 ára. Ekki er um ívilnun að ræða heldur er greiðslum dreift á skemmri tíma.
- **Allt er þetta eðlilegt og sanngjarnt**

Réttindi sjóðfélaga koma öll úr einum og sama pottinum, sem er takmörkuð auðlind



- 
- I. Áhrif nýrra lífslíka á skuldbindingar og tryggingafræðilega stöðu
  
  - II. Tvær mismunandi leiðir mótvægisaðgerða
    - A. Stighækkandi viðmiðunaráldur lífeyristöku
    - B. Óbreyttur 67 ára (eða 70) viðmiðunaráldur
  
    - C. Aðrar aðferðir
  
  - III. Samanburður á aðferðum

# Stighækkandi lífeyristökualdur, breyting á áföllnum skb. eftir árgöngum



Árgangur	Lífeyristökualdur	Áhrif á áfallnar skuldbindingar
Lþegar		-0,0%
1960	68 ára	-6,6%
1970	68 + 10 mán	-10,3%
1980	69 + 7 mán	-12,5%
1990	70 + 2 mán	-13,2%
2000	70 + 8 mán	-13,4%

# Stighækkandi viðmiðunaráldur lífeyristöku

---

Allir árgangar héðan í frá verða um 20 ár á eftirlaunatímabili skv. líkaninu

Leið sem almannatryggingar (gegnumstreymiskerfi) hafa farið erlendis enda sanngjarnt að allar kynslóðir fái ellilífeyri frá ríkinu í jafnlangan tíma að meðaltali


Fjárhæð áunninna réttinda og réttindataflan breytast ekki sem þýðir að örorkulífeyrir sjóðfélaga helst óbreyttur

Lífeyrisþegar fá sömu fjárhæð og nú

Hækkandi viðmiðunaráldur á að núlla út áhrif nýrra lífslíka

Ef lífslíkur breytast -> stighækkandi viðmiðunaráldur breytist. Það þýðir að sjóðfélagar, þó ekki lífeyrisþegar, munu bera langlífisáhættuna beint


## Sama réttindataflan en viðmiðunaráldurinn breytilegur og stighækkandi



— Núverandi aldursháð réttindatafla



## Ellilífeyrir við 67 ára aldur minnkar stöðugt við þessa aðferð



- 
- I. Áhrif nýrra lífslíka á skuldbindingar og tryggingafræðilega stöðu
  
  - II. Tvær mismunandi leiðir mótvægisaðgerða
    - A. Stighækkandi viðmiðunaráldur lífeyristöku
    - B. Óbreyttur 67 ára (eða 70) viðmiðunaráldur en umreiknuð réttindi
  
    - C. Aðrar aðferðir
  
  - III. Samanburður á aðferðum

## A. Óbreyttur 67 ára viðmiðunaldur


---

1. Áfallnar skuldbindingar jafnaðar: Umreikningur á áunnum réttindum. Áunnin réttindi lækkuð háð aldri svo áfallnar skuldbindingar haldist óbreyttar við innleiðingu á nýjum lífslíkum. Eign sjóðfélaga (= áfallnar skuldbindingar sjóðsins) óbreyttar. Áunnin réttindi í árslok 2022 verða ennþá m.v. 67 ára viðmiðunaráldur í réttindabókhalda
2. Ný réttindatafla: Núverandi réttindatafla lækkuð að meðaltali um 10 - 11% til að koma framtíðarstöðunni aftur í jafnvægi

Tryggingafræðileg staða því óbreytt eftir aðgerðina: Lægri fjárhæðir greiddar út yfir lengra tímabil og virði skuldbindinga óbreytt

## Til að halda áföllum skuldbindingum óbreyttum lækka réttindi þeirra yngri meira en þeirra eldri enda lengist ævi þeirra mest

Breyting áunninna réttinda eftir fæðingarári sjóðfélaga




Árgangur	Breyting réttinda
Lþegar og 67+	-4,0%
1960	-7,0%
1970	-9,9%
1980	-11,4%
1990	-12,1%
2000	-12,4%

Eftir jöfnun: Verðmæti áunninna réttinda (eign sjóðfélaga) óbreytt, hærri lífslíkur, en lægri mánaðarlegur lífeyrir m.v. 67 ára lífeyristöku

Fæðingarár	Réttindi í úttekt	Réttindi til mánaðarlegs lífeyris eftir jöfnun (umreikning)	% Breyting	Breyting á verðmæti áfallinna skuldbindinga
Lífeyrisþegar og 67+	1.000	960	-4,0%	0
1960	1.000	930	-7,0%	0
1970	1.000	901	-9,9%	0
1980	1.000	886	-11,4%	0
1990	1.000	879	-12,1%	0
2000	1.000	876	-12,4%	0

# Dæmi um nýja réttindatöflu m.v. 67 ár




--- Núverandi aldursháð réttindatafla    — Ný aldursháð réttindatafla

- Ný réttindatafla verður alltaf lægri en núverandi réttindatafla
- Það þýðir lægri framreikningur vegna nýrra örorkulífeyrisþega
- Að einhverju leyti leyst með bráðabirgðaákvæði í samþykktum
- Framreikningur hefur hækkað á undanförunum árum með hækkun iðgjalds úr 12,0% í 15,5%

- Réttindataflan mun lækka í framtíðinni gangi spáin eftir. Um 1,8% kerfisbundin lækkun á 10 ára fresti

# Í raun hafa sjóðir nýtt góða ávöxtun til þess að bæta réttindi



Ef áunninn réttindi allra eru lækkuð jafnt færast fjármunir frá þeim eldri, sem eldast lítið samkvæmt nýjum töflum, til hinna yngri

- 
- I. Áhrif nýrra lífslíka á skuldbindingar og tryggingafræðilega stöðu
  
  - II. Tvær mismunandi leiðir mótvægisaðgerða
    - A. Stighækkandi viðmiðunaráldur lífeyristöku
    - B. Óbreyttur 67 ára (eða 70) viðmiðunaráldur en umreiknuð réttindi
  
    - C. Aðrar aðferðir
  
  - III. Samanburður á aðferðum



# Aðrar aðferðir, helstu atriði

---

## C. Núverandi réttindi óbreytt, en stighækkandi viðmiðunarludur í framtíðinni

Staða sjóðanna versnar við upptöku nýrra lífslíka

Tvenns konar kerfi í gildi, annars vegar fortíðarkerfið óbreytt og svo nýja kerfið. Því yrði að skipta lífeyrissjóðnum upp í tvær deildir

Verðmæti áfallinna réttinda aukast, mest hjá þeim yngstu, þvert á niðurstöður nýja líkansins

## D. Ný réttindatafla, en viðmiðunarludur og áunnin réttindi óbreytt

Staða sjóðanna versnar, verðmæti áfallinna réttinda aukast, mest hjá þeim yngstu, þvert á niðurstöður nýja líkansins. Verðmæti færð frá þeim elstu til hinna yngri

## E. Ný réttindatafla, viðmiðunarludur óbreyttur, áunnin réttindi hækkuð flatt

Eins og í C og D eru verðmæti færð frá eldri árgöngum til hinna yngri, þvert á þá grunnhugsun í lífeyrissjóðakerfinu að hver kynslóð borgi fyrir sig,

# Niðurstaða

---

Áhrif af aðferðum A. og B. eru svipuð fyrir virka sjóðfélaga ef horft er á ellilífeyri.

## Hækkaður viðmiðunaráldur

- Óbreyttur ellilífeyrir núverandi lífeyrisþega
- Óbreyttur framreikningur örorkulífeyris
- Réttindataflan breytist ekki (lítið) en færist til
- Hækkaður viðmiðunaráldur fer fram yfir lögfestan aldur hjá ríkisstarfsmönnum


## Umreiknuð réttindi

- Réttindi allra umreiknuð, líka ellilífeyrisþega
- Sömu réttindatöflur gilda um framreikning örorku og réttinda til ellilífeyris, mildað af bráðabirgðaákvæði
- Réttindataflan breytist strax og þarf að lækka á nokkurra ára fresti þegar nýir árgangar koma inn
- Sami viðmiðunaráldur
- Sama kerfi og nú eftir eins skiptis aðgerð

# Spurningar sem hafa vaknað

Er eðlilegt að miða við sömu vænta ævilengd hjá öllum lífeyrissjóðum?

**Svar:** Nei, enda er það ekki gert, en þó reiknað með að ævi allra lengist jafnmikið. Athugun í einum lífeyrissjóði þar sem stór hluti sjóðfélaga hefur stutta skólagöngu bendir til þess að svo sé



# Staðan núna?

---

